Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

33. tbl. Þriðjudagur 6. september. 1978 7. árg. verð kr. 100.-

Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

SAMTÖK HERSTÖÐVAANDSTÆÐINGA

Missum ekki sjónar á markmiðinu



Þetta gönguliđ mun hrekja herinn úr landi, en ekki þingmenn Alþýðubandalagsins.

Miðnefnd SHA hefur ákveðið að næsta landsráðstefna SHA fari fram dagana 21. - 22. okt. Búast má við að mikil átök verði á þessari ráðstefnu og ber þar margt til. Alþýðubandalagið er nú í ríkisstjórn og því hefur ævinlega fylgt milil undanlátsstefna í hermálinu frá þeirra hendi, en þó aldrei meir en nú. Þá hefur heimsvaldastefna Sovétríkjanna afhjúpast æ meir og má ætla að næsta landsráðstefna marki harðari stefnu gegn risaveldunum en áður.

Alþýðubandalagið hefur sýnt rækilegar fram á það en nokkru sinni fyrr, hversu haldlaust það er fyrir herstöðvaandstæðinga að krossa við G á nokkurra ára fresti, ef þeir hyggjast losna við herinn. Til þess að reyna að draga athyglina frá botnlausum undanslætti sínum í hermálinu, bendir Alþb nú í gríð og erg á þann "sigur í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar" sem felst í yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar um að auka ekki enn meir ítök erlendra auðhringa hérlendis. Að fenginni reynslu er því viðbúið að Alþb muni á næstu ráðstefnu SHA leggja ofuráherslu á baráttuna gegn erlendum auðhringum, en draga úr baráttunni gegn hernum sjálfum og NATO.

Herstöðvaandstæðingum er nauðsynlegt í baráttunni gegn hernum og NATO, að þekkja þennan óvin sinn, hlutverk hans og áhrif. Þessa þekkingu notum við svo til að finna raunhæfar baráttuleiðir gegn andstæðingnum og reka áróður gegn honum.

NATO er hernaðarbandalag sem sett er á stofn til þess að verja hagsmuni auðvaldsins, innan NATO-ríkja sem utan. Þegar erlendir auðhringir sækja hingað til lands, er það m.a. í skjóli bandaríska hersins og í trausti þess að hann muni verja þá gegn áföllum. Á sama hátt sér íslenska auðvaldið bakhjarl í hernum ef verkalýðurinn skyldi fara að láta verulega að sér kveða. En herstöðin er síðast en ekki síst hernaðarlegur útvörður Bandaríkjanna ef til styrjaldar kemur og þeim því mjög mikilvæg. Í senn styrkir það stöðu hersins að Ísland verði sem háðast erlendu fjármagni og styrkir stöðu erlendra auðhringa að hafa herinn hér. Jafnvel þótt ítök erlendra auðhringa ykjust ekki hérlendis, þá hlypi herinn ekki úr landi, því ennþá vildi íslenska auðvaldið njóta hans og ennþá vildu Bandaríkin hafa hann sem útvörð sinn. SHA mega því ekki einblína á erlenda auðhringi og alþjóðabanka, heldur verða að taka það mál upp ásamt öðrum í skýru og beinu samhengi við kröfuna um brottför hersins og úrsögn Íslands úr NATO.

Alþjóðaástandið hefur líka áhrif á hermálið. Það mun ekki ganga átakalaust að reka herinn af höndum sér og þá skiptir máli hvern stuðning við hljótum erlendis. Við get-

frh. á bls. 2

Katyn fjöldamorðin

Nýlega birtist í helgarblaði Vísis grein sem nefnist "KATYN-glæpur án hliðstæðu" eftir H. L. Í greininni kemur fram sú afstaða að morðin á 10. þúsund pólskum liðsforingjum sé verk Sovétstjórnarinnar.

Greinilegt er á handverki höfundar að hann er búinn að gefa sér upp forsendur áður en hann dregur niðurstöðurhann er búinn að ákveða fyrirfram að glæpurinn sé framinn af Sovétlýðveldinu. Heimildir þær sem hann notar eru aðallega beint frá nasistum komnar . Sbr. Heimildina um hvenær glæpirnir voru framkvæmdir. Höfundur greinarinnar kemur upp um hið fasíska sjónarmið sitt hvar sem litið er niður í greinina. Ef hann getur ekki fundið prentaðar heimildir um glæpi Sovétstjórnarinnar, þá grípur hann til þess góða gamla bragðs að ljúga sig út úr hlutunum. Af hverju kemur hann t.d. ekki með tilvitnanir úr bókum eins og "Réttlæti en ekki hefnd" eða "Russia at war", blöðum

eins og "History of the Second world war, volume 3. nr. 16/36" sem vafalaust er eitt virtasta blað sem gefið hefur verið út um seinni heimsstyrjöldina. Þar kemur víða fram að ekkert bendir til þess að glæpurinn sé verk Rússa. En

til að fletta ofan af lygum þessarar nasistabullu, sem ekki þorir að birta nafn sitt undir greininni tel ég mér bæði rétt og skylt að taka nokkrar tilvitnanir máli mínu til stuðnings.



Frá sýndarleiknum þegar þjóðverjar buðu alþjóðlegri nefnd lækna til að sjá "hryðjuverk" rússa í seinni heimstyrjöldinni. Handbragðið var þjóðverja.

INNRÁS NASISTA Í PÓLLAND.

Nasistar ráðast inn í Pólland 1939 þann 1. september. ,þegar eftir innrásina var ljóst að vesturveldin gætu ekki lengur látið nasistana ráðast inn í hvert landið á fætur öðru. (ath. sem mín). Þeir voru þegar búnir að ráðast á m. a. Sutedahéruðun í Tékkóslóvakíu og innlima þau í þúsundárarríkið, án þess að bretar eða frakkar hreyfðu legg né lið.). En nú var þeim nóg boðið. Aðallega sökum þess að þarna var verið að vega að hagsmunum þeirra sjálfra.

Þennan sama mánuð, nánar til tekið þann 17, september ráðast Sovétríkin inn í Pólland austan megin. Tilgangur Sovétríkjanna var augljós, að vernda landamæri Sovétríkjanna fyrir innrás nasista. Enginnskyldi vera sá græningi að ætla að Sovétríkin hafi ekki vitað að til árásar á þau kæmi af hálfu þjóðverja fyrr eða síðar. Í framhaldi af því voru þúsundir pólskra stríðsfanga fluttar til Sovétríkajanna og látnir vinna þar ýmiskonar störf undir eftirliti.

FORSAGA GLÆPSINS.

Árið 1939 lét Sovétstjórnin flytja tíu þúsund pólska liðsforingja og hermenn til vesturhluta Smolensk héraðs, var þetta bein afleiðing af innrásinni í Pólland. Unnu þeir þar að vegagerð. Þegar þjóðverjar réðust inn í Sovétríkin í júní 1941, reyndu rússar að flytja pólverjana ásamt öðrum íbúum frá þessu svæði. En það mistókst vegna leiftursóknar nasista, sem tókst að rjúfa járnbrautirnar. Þjóðverjar náðu Smolensk á sitt vald 15. júlí 1941. frh. á baksíð.

„Ólafía"

Nú hefur Ólafi Jóhannessyni tekist að mynda ríkisstjórn, með Alþýðuflokki og Alþýðubandalagi. Aðeins hann einn hefur áður gegnt ráðherraembætti. Greinilegt er að Óli Jó hefur töglin og hagldirnar þar sem flokkur hans fær í raun veigamestu embættin forsætis, fjármála og dómsmála. Samstarfsyfirlýsing stjórnarinnar er eins og við var að búast opinn og ber í báða enda. (Hvað annað það er nú einu sinni Óli Jó sem stýrir skútunni). Margt fróðlegt er að finna í málamyndasamsetningi þessum. Til að gera sér betri grein fyrir honum er rétt að taka nokkrar tilvitnanir.

Efnahagsmálin og fyrstu aðgerðir.

Í fyrsta lagi ætla þeir að svíkja gefin loforð um að samningarnir skuli vera í gildi. Þetta þak á vísitölubætur, sem miðast við 223.000 á mánuði.

Varðandi verðlagsmálin, þá er orðalagið svo loðið að ríkisstjórnin getur gert næstum hvað sem er í þeim efnum. Sbr ".. og komið verði í veg fyrir hvers konar verðlagshækkanir, eins og unnt reynist ". Hverjir eiga að ákveða hvort nauðsynlegt sé að hækka verðlagið? Heildsalarnir og stórkaupmennirnir Um leið og barlómur þeirra um að verið sé að setja verslunina á hausinn hefst, þá skellur yfir almenning gegndarlaus holskefla hækkananna. Og þá segja grunnkaups-hækkanirnar 1. sept og 1. des heldur lítið. Í kaflanum um breytta efnahagsstefnu segir m. a." skipa skal nefnd fulltrúa launþega, atvinnurekenda og ríkisvalds til endurskoðunar á viðmiðun launa við vísitölu". Einnig "..Ríkisstjórnin mun leita eftir samkomulagi við samtök launþega um skipan efnahagsmála fram til 1. des. 1979 á þeim grundvelli að samningarnir frá 1977 verði framlengdir til þess tíma án breytinga á grunnkaupi ." (útstrikanir höf.). Þarna ætlar ríkisvaldið sér að auka afskipti sín af kaupgjaldsmálum og binda hendur verkalýðshreyfingarinnar í langan tíma. Þessari þróun verður að berjast gegn því afskipti þess ríkisvalds sem nú er við lýði, hafa einungis í för með sér minnkandi lýðréttindi alþýðunnar. Þegar talað er um að leita eftir samkomulagi við launþegahreyfinguna þá er þetta fyrirfram ákveðið, því verkalýðsforystan hefur fylgst með þessu samninga-

frh. á bls. 2

LEIÐARI

Gömul úrræði í nýjum búningi

Nú er komin ný ríkisstjórn og ný stefna er okkur sagt. Í stað hægristefnu gömlu stjórnarinnar er komin "verkalýðssinnuð vinstristefna". Ef miðað er við úrslit kosninganna virðist mörgum þetta vera eðlileg breyting. En í hverju er breyting frá hægri yfir í vinstri stefnu þá fólgin samkvæmt túlkun sigurvegaranna í kosningunum? Úrræði hægristjórnarinnar í efnahagsmálum voru helst þau að kynda undir verðbólguþróun, gengislækkanir og kauprán. Hundruðum milljóna var varið til að auðvelda erlendum auðhringum fjárfestingu, einkaframtakið makaði krókinn í stjórnlausri verðbólgu, á meðan launþegar bjuggu við stöðugt meiri kjaraskerðingar af völdum verðbólgu og fjandsamlegs ríkisvalds. Það skyldi því engan undra að þessari stjórnarstefnu væri hafnað í almennum kosningum. Þeir sem hæst létu og sögðust mundu snúa þessari þróun við fengu því mest fylgi, krafa launþega var gjörbreytt stjórnarstefna.

Eftir kosningarnar ætluðu því flestir að ný ríkisstjórn tæki upp önnur úrræði og leiðrétti það vandlæti sem viðgengist hafði í tíð fráfarandi stjórnar. Reynslan hefur þó ekki orðið sú, stefna "verkalýðsflokkanna" fyrir kosningar og eftir er gjörólík. Öll gömlu auðvaldsúrræðin eru enn í fullu gildi og ekkert bólar á nýjungunum sem lofað var fyrir kosningar.

Alþýðubandalagið gaf út fyrir kosningar bækling sem átti að gefa öll svör um það hvernig ætti að stöðva verðbólguna og jafna upp kjaraskerðinguna. Bæklingurinn góði sem Ólafur Ragnar Grímsson sagði að hefði að geyma öll úrræðin virðist nú vera gleymdur. Þingmenn Alþýðuflokksins eru nú orðnir ábyrgir að eigin sögn og eru orðnir á móti hvers konar kjarabótum. Þeir koma aðeins auga á eina leið: nýjar kjaraskerðingar og aukinn flutning fjármagns frá launþegum til atvinnurekenda.

Gömlu íhaldsúrræðin eru tekin upp að nýju. Það er enginn munur á 15% gengisfellingu núna eða þegar hægri stjórnin var að fella gengið. Þó það sé lítils háttar stigsmunur á kjaraskerðingarákvæði "vinstri" stjórnarinnar nú og á kjaraskerðingarlögum hægri stjórnarinnar. Þá er "vinstri" stjórnin að ganga á gerða kjarasamninga, með enn nýjum kaupránslögum. Í öllum höfuðatriðum er stefnan sú sama; það hafa aðeins verið fundin ný nöfn á gömlu auðvaldslausnirnar. Ef eitthvað er, þá eru horfurnar síður en svo betri fyrir launþega vegna stuðnings verkalýðshreyfingarinnar við ríkisstjórnina. Það er enn meiri ástæða en áður að vera á verði gagnvart þessari stjórn vegna þessa ástands.

Yfirlýst stefna stjórnarinnar er að hafa herinn og vera áfram í NATO og því sem það fylgir. Engin merki eru um að snúist verði gegn fjárfestingu erlendra auðhringja, eða að sjálfstæði landsins sé nokkurt keppikefli þessarar stjórnar. Það er því heldur lítið eftir af því sem þessir flokkar sögðust standa fyrir. Ef þetta er ekki pólitískt siðleysi, þá er ekkert slíkt til.

Kosningarnar hafa ekki fært neina sigra. Það sýnir stjórnarsáttmáli"vinstri" stjórnarinnar. Það er ekki aðeins að allt starfið sé eftir heldur er nú orðið ljóst að launþegar hafa ekki veðjað á réttan hest. Það verður að fara leiðir stéttabaráttunnar ef sigrar eiga að vinnast. Það verður að leggja traust sitt á virka þátttöku fjöldans í verkalýðshreyfingunni og öðrum fjöldahreyfingum. Það eru einu raunhæfu niðurstöðurnar sem hægt er að draga, eftir að nú er ljóst hver stefna "vinstri" stjórnarinnar verður. Pólitískum loddaraskap "verkalýðsflokkanna" verður að svara með raunhæfum aðgerðum verkafólks í verkalýðshreyfingunni og þeim öðrum hreyfingum sem áhrif hafa. Öflug mótmæli eru nauðsynleg ef launafólk ætlar að halda sínum hlut gagnvart hinum nýju íhaldsherrum.

Katyn fjöldamorðin

frh. af baksíðu

evsky, fyrrverandi stjarnfræðiprófessor, fimmtíu og átta ára, bar það, að hann hefði verið neyddur til að verða aðstoðarborgarstjóri, meðan Smolensk var hernumin. Hann var þunnleitur í andliti með langt króknef, járngrátt hár, svartar augabrúnir og horaðan fuglsháls - og barkakýlið gekk upp og niður, þegar hann talaði. Hann vitnaði í það, að Hirchfeld yfirmaður Gestapo á þessu svæði hefði sagt:"Pólverjarnir voru góðir til þess að gera landið frjótt," og að þeir yrðu upprættir, því að þeir væru fólk lægri tegundar og dauði þeirra mundi skapa Þjóðverjum meira "Lebensraum" (lífsrúm).

Dr. Zubkov líffærafræðingur hafði verið í Smolensk hernámsárin. Hann talaði hægt og sagðist hafa heimsótt grafirnar seint í apríl eða snemma í maí 1943 í einni þvingunar"skemmtiferðinni", sem Þjóðverjar héldu uppi fyrir íbúa Smolenskborgar. Eftir því, sem hann komst næst svaraði útlit líkanna ekki til þess tíma, sem Þjóðverjar sögðu, að líkin hefðu legið í gröfunum. Hann sá ekki, að nein líkskoðun færi fram, en Þjóðverjarnir voru önnum kafnir við að "rífa upp vasa".

Síðasta vitnið, Sergei Ivanov, grannur og fölur maður, klæddur dökkbláum búningi járnbrautarverkamanna, var járnbrautarstöðvarstjóri í bæ skammt frá. Hann sagðist hafa fengið skipanir frá Sovjetstjórninni um að hafa til fjörutíu vagna lest til þess að flytja pólsku fangana burtu, áður en Þjóðverjar tækju Smolensk. En hann gat ekki framkvæmt skipunina, því að járnbrautin var rofin. Þegar Gestapo bað hann um að bera ljúgvitni, sem vottaði að Rússar hefðu skotið Pólverjana, kvaðst hann hafa sagt:"Ég er sextíu ára og kæri mig ekkert um að bæta á mig þessari synd." Að lokum gátu þeir neytt hann til að skrifa undir skjal.

Við lok fundarins fengu fréttaritararnir að spyrja. Ég spurði, hví nokkrir Pólverjanna væru mjög mikið klæddir (í loðskinnskápum), enda þótt Þjóðverjar hefðu grafið þá í ágúst eða september. Mér var svarað, að næturnar væru kaldar, og ef til vill hefðu þeir ekki átt önnur föt.

Einkalest okkar fór frá Smolensk kl. 1 f. h. Við vöktum flestir lengi og hugsuðum um endurminningarnar og sungum rússneska og ameríska söngva Um morguninn brutum við ennþá heilann um ýmis atriði leyndardómanna í Katynskógi. Eins og aðrir fréttaritarar var ég viss um, að Þjóðverjar hefðu myrt Pólverjana og hefðu síðan "uppgötvað" þá mjög kænskuleg í áróðursskyni. Sterkasta sönnunin var niðurstaða læknanna, sem sögðu, að líkin gætu ekki verið búin að liggja lengur en tvö ár í gröfinni, því að þau væru ekki nógu mikið rotnuð til þess. Líkin, sem við sáum, höfðu hár og skinn, og hold og vöðvar virtust órotin.

Auk þess fundust á þeim bréf og kvittanir dagsettar árið 1941. Það afsannaði fullyrðingar Þjóðverja um, að Rússar hefðu drýgt glæpina árið 1940. En svo fundust mörg skjöl og blöð dagsett í febrúar og marz 1940. Ég skildi ekki, hvers vegna Pólverjarnir báru þau ennþá á sér, fyrst þeir voru ekki skotnir fyrr en 1941. Ef til vill höfðu Þjóðverjar komið þeim þarna fyrir til sönnunar máli sínu, þegar þeir grófu upp líkin vorið 1943.

Ef gerður var samanburður við morðaðferðir þeirra annars staðar, mátti finna tilfelli, sem mæltu bæði með og á móti. Í Kiev, Karkov og víðar höfðu Þjóðverjar strádrepið fórnardýrin með vélbyssum. En í Orel og Voronezj höfðu þeir skemmt sér við að senda skammbyssukúlu í gegnum höfuðið á fólki.

Þegar ég fór að rita sögu mína í Moskvu, fann ég, að skýlausasta sönnunin voru þó stígvélin. Strax árið 1940 var stígvélaskortur í Rússlandi. Á vígvelli mundi Ameríkumaður fyrst þrífa til heiðursmerkja nazistanna, en Rússar myndu alltaf líta fyrst á skóna. Og öll líkin, sem ég hafði séð, voru ennþá í fínum, svörtum hermannaleðurstígvélum.

En utanríkisritskoðunin neitaði að sleppa í gegn þessu atriði í sögu minni. Þeir neituðu að skýra það nokkuð nánar en augljóslega hefur þeim fundist, að þetta sýndi ekki rússneska skapgerð í sem bestu ljósi. Þeir voru sýnilega kvíðnir út af þessu máli öllu, eftir að við sögðum þeim á heimleiðinni, að sönnargögnin hefðu ekki verið þannig tilreidd, að þau myndu sannfæra breska og ameríska kviðdóma. Við fengum ekki að senda skeyti í nokkra daga og þegar það loks var leyft vildu þeir hvorki láta mig nefna viðhöfn einkalestarinnar, eða að Pólverjarnir hefðu verið í loðkápum.

Svipuð flónskupör og ritskoðunin gerði sig hér seka um, virðast einkar afdrifarík á þeim tíma, er þau koma fyrir, og þau gera fréttaritaranum erfiðara um að átta sig á, hvað raunverulega hafi gerst. Það er gamla sagan að sjá ekki skóginn fyrir trjánum. Til allrar hamingju urðu engar deilur út af öðrum hryðjuverkum. Nokkrum sinnum var vafi á, hve margir hefðu verið drepnir, en enginn efaði, að Þjóðverjar hefðu gert það.

frh. af forsíðu

„Ólafía"

makki frá upphafi og er þegar búin að veita samþykki sitt. Hún er hluti af þessum svokölluðu verkalýðsflokkum, og ætlar sér að svíkja verkalýðinn.

Aðeins örstutt klausa er um utanríkismál og þar kemur fram að Alþýðubandalagið hefur svikið stóran hóp kjósenda sinna. Því ekkert á að gera í hermálinu. Við eigum einnig að vera áfram í árásabandalaginu NATO.

Nefnd um athugun á öryggismálum.

Ætlunin er að stofna nefnd sem á að beita sér fyrir því markmiði að rannsaka varnir Íslands ef til styrjaldar kæmi. Einnig eftir að herliðið er farið og framtíð herstöðvanna. Nefndin á líka að fjalla um hugmyndir um friðlýsingu og friðargæslu á Norður Atlandshafinu.

Kommúnistar hafa sýnt fram á það að eina lausnin fyrir því að unnt verði að vernda sjálfsákvörðunarrétt íslensku þjóðarinnar, er að standa utan allra hernaðarbandalaga, og styðja baráttu kúgaðra og smárra þjóða fyrir frelsi og sjálfstæði. Aðeins á þann hátt getum við einangrað hin heimsvaldasinnuðu stórveldi Bandaríkin og Sovétríkin. Við verðum að vera sífellt á verði fyrir tilraunum þeirra til að auka yfirráð sín um allan heim.

Niðurstaðan af lestri málamyndasamsetnings þessa er sú að hann er í öllum höfuðatríðum samhljóma gömlu "Ólafíunni"sem sett var á laggirnar 1971, og öll alþýða veit hverjar urðu efndir hennar.

Eina raunhæfa leiðin fyrir verkafólk er að taka upp virka baráttu innan sinna félaga og berjast fyrir því að sú verkalýðsforusta sem nú heldur um taumana verði látin víkja því hún hefur sýnt sig vera handbendi auðvaldsins. Í hennar stað verðum við að velja til forystu menn sem eru reiðubúnir að leggja allt í sölurnar fyrir málstað verkalýðsins:

GERUM VERKALÝÐFÉLÖGIN AÐ BARÁTTUTÆKJUM: AFHJÚPUM SVIK FORYSTUNNAR.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar: sími 27810 og pósthólf 1357 121 R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15, opið mánud. - föstud. kl. 16:00 - 18:30.

AKUREYRI
Jón Atli Játvarðsson
Skarðshlíð 30.

KEFLAVÍK
Einar Jónsson
Sólvallagötu 40c.

HELLISSANDUR
Sigfús Almarsson
Hellisbraut 10.

HAFNARFJÖRÐUR
Fjóla Rögnvaldsdóttir
Reykjavíkurvegi 24.

SVÍÞJÓÐ
Kristján L. Guðlaugsson
Kämnärsvägen 11N:220
222 46 LUND.



PÓLITÍSKUR PRANGARI

Bruno Kreisky kanslari Austurríkis átti fyrir skömmu viðtal við hollenskt blað. Þar líkti Kreisky Menahem Begin við pólitískan hrossaprangara og sagði að enginn gæti trúað því að lýðræðislegt Ísraelsríki væri til, meðan arabar væru þar annars flokks boragarar og yrðu að búa við lögregluríki

Begin varð æfur og sagði að Kreisky sem er af gyðingaættum, hataði uppruna sinn. Ekki var reynt að bera á móti ásökununum heldur höfðað til kynþáttahyggjunnar. Menn af sama kynþætti skulu breiða yfir glæp hvers annars.

Örðugleikar íslenskrar kvikmyndagerðar

Dufþakur

Það blandast víst engum hugur um það, að kvikmyndin er áhrifaríkasta allrar listsköpunar. Jafnframt er kvikmyndin sterkt vopn til að móta hugi manna, koma á framfæri mikilsverðum heimildum eða búa til skoðanir, sem þóknanlegar eru ríkjandi stéttum. Meginpartur þeirrar kvikmyndaframleiðslu, sem er sýndur í kvikmyndahúsum og sjónvarpi hérlendis er bandarískur eða enskur að uppruna. Og sökum þess að fleiri sækja kvikmyndahús fremur en leikhús eða tónleika hallir eða stunda bóklestur er kvikmyndin tilvalin gróðalind fyrir kapítalista. Þar af leiðir að langflestar þeirra kvikmynda, er hingað berast til lands, eru innihaldslausar afþreyingarmyndir, sem í mesta lagi sýna aðeins yfirborð ríkjandi þjóðfélagsástands. Hvað þá að slíkar kvikmyndir hafi eitthvert listrænt gildi. Íslensk kvikmyndagerð hefur átt örðugt uppdráttar allt frá því, að einstakir áhugamenn hérlendir byrjuðu sinn feril um og eftir seinni heimsstyrjöld. Það er ekki fyrr en á síðustu árum, með tilkomu sjónvarpsins, að íslenskir kapítalistar sjá sér hag í því að fjármagna slíka framleiðslu og þá einvörðungu til að auglýsa sínar vörur. Kvikmyndagerðarmönnum hefur verið þröngur stakkur skorinn. Tækjakostnaður og ýmiss hráefni eru óhemju dýr og því hafa þeir, sem eitthvað hafa lært í þessum efnum, annaðhvort farið út í það að gera auglýsingamyndir fyrir gróðaþyrsta braskara ellegar ráðið sig til vinnu hjá sjónvarpinu. Síðarnefnda leiðin er síst betri, því starf hjá sjónvarpinu er ekki skapandi. Og um styrki af hálfu hins opinbera er varla að ræða. Fáeinir einstaklingar hafa þó reynt að gera kvikmyndir uppá eigin spýtur, en þeir hafa þá neyðst til að gefast upp eða valið annan hvorn kostinn, sem nefndir voru, og er þó hvorugur góður. Þó stendur þetta ef til vill til bóta. Kvikmyndasjóður hefur verið stofnaður með 30 millj kr. framlagi og ráðgert er að hefja rekstur kvikmyndasafns. Þorsteinn Jónsson, formaður Fél. kvikmyndagerðarmanna, skrifar athyglisverða grein um vandamál íslenskrar kvikmynda í Þjóðviljanum 3. sept. og segir m.a: "Á meðan menningarleg kvikmyndagerð hefur enn ekki eignast lífsvon á Íslandi, hefur svolítið fjör hlaupið í verslunarkvikmyndagerð... Á sviði verslunarkvikmynda finnast ævinlega borgunarmenn fyrir kvikmyndir. En fyrir menningarlegar kvikmyndir um fólk og mannleg málefni finnast engir borgunarmenn í okkar þjóðfélagi. Sú stétt sem ríkjum ræður virðist ekki hafa áhuga á slíkum kvikmyndum. Þess vegna er engin leið önnur en að hið opinbera axli þetta hlutverk. Það hefur verið gert á hinum Norðurlöndunum og hér verður það að gerast einnig." Jafnframt bendir hann á, að einfaldasta lausnin sé "... að leggja þann skatt sem tekin er af sýningum erlendra kvikmynda til framleiðslu íslenskr kvikmynda." Það þarf svo sem ekki að bæta miklu við þetta. Á meðan milljónum og aftur milljónum er varið til að styrkja afþreyingarmiðil þann, er sjónvarp nefnist, hlýtur krafan um sjálfstæða innlenda kvikmyndagerð að vera enn brýnni. Sérstaklega með tillliti til þess hversu gerð kvikmynda hér á landi er skammt á veg kominn og eins vegna þess að kvikmyndin er háð markaðslögmálum kapítalismans í meira mæli en aðrar listgreinar.



ER HÆGT AÐ GRÆÐA Á KYNÞÁTTAFORDÓMUM.

Fyrir stuttu var sagt frá hörðum deilum á fundi hjá einni af nefndum sameinuðu þjóðanna. Í ályktun sem lá fyrir fundinum var sérstalega rætt um hina miklu verslun sem Ísrael rekur við Suður Afríku, bæði hvað varðar vopn og aðra framleiðslu ,en þessi fundur fjallaði sérstaklega um verslunarhöft þau sem í gildi eru hjá S.Þ. um S-Afríku. Í ályktuninni var bennt á að ekki væri að undra þó kynþáttastefnan í S-Afríku og Síonísminn í Ísrael findu til samkenndar, ennda væri síonisminn einnig kynnþáttastefna. Það er athyglisvert hverjir tóku hvaða afstöðu í deilunum úm þessa ályktun á fundinum. Ríki þriðja heimsins sem mynda meirihluta í þessari nefnd tóku afstöðu með ályktuninni ,en iðnríki Evrópu voru á móti. Hvorki Bandaríkin ,Ísrael né S-Afríka sitja í þessari nefnd, því hún hefur áður tekið einharða afstöðu gegn kynþáttakúgun, hvort sem hún er nefnd apartheid eða síonismi Þegar sýnt þóttti að ályktunin yrði samþykkt, þá gengu fulltrúar efnahagsbandalagsríkajanna af fundi, til þess að þvo hendur sínar af þessari ályktun. Þetta kemur þeim kannski ókunnuglega fyrir sjónir sem látið hafa blekkjast af mannréttindahjali þessara ríkja, en okkur kommum kemur þetta ekki á óvart, enda bjuggumst við ekki við að mannréttindamál myndu stjórna gerðum þessara ríkja. Nei, það er annað og því máttugra sjónarmið sem hér ræður eins og svo oft áður hjá auðvaldsríkjunum. Það er spurningin á hverju má græða. Til dæmis, ef við tökum fyrir inn- og útflutningsverslun S-Afríku 1973, þá var heildarinnflutningur 3282 millj. rand (1.rand er ca.495 Ikr.), en útflutningur 2418 millj.rand, þá er útflutningur á gulli og innflutningur á olíu og olíuframleiðslu ekki talinn með. Í því sambandi má minna á að S-Afríka framleiðir 80% af því gulli sem framleitt er á vestur löndum. Til Efnahagsbandalagsins voru fluttar vörur sem námu 1224 millj.rand, en EBE flutti til S-Afríku vörur fyrir 1613 millj.rand.

Eins og skýrt var frá fyrir stuttu í Stéttabaráttunni, þá hefur verslun Ísrael við S-Afríku aukist stórlega síðustu ár. Hefur Ísrael verið notað sem milliliður til að fara í kring um viðskiptabönn og koma vörum milli V-Evrópu og S-Afríku. Með því að viðurkenna að síonismi sé í engu frábrugðinn kynþáttastefnunni í S-Afríku, myndi vera hægt að taka einnig fyrir viðskipti við Ísrael og um leið að koma í veg fyrir vaxandi markað kapítalista í Evrópu þar. Auðvaldinu stendur á sama hvernig það fær sinn gróða, aðeins ef hann er sem mestur.

Það ætti ekki að þurfa að vefjast fyrir neinum að síonismi og kynþáttastefna er það sama. Í báðum tilfellum er mönnum skipt niður eftir litarhætti, en til viðbótar skiptir síonisminn mönnum eftir trúarbrögðum. Hinn "refttrúaði" hvíti gyðingur nýtur forréttinda, en svartir og aðrir litaðir gyðingar ekki. Verst er þó staða Palestínuaraba sem njóta engra mannréttinda.

SAMTÖK HERSTÖÐVAANDSTÆÐINGA

Missum ekki sjónar á markmiðinu

frh. af forsíðu

um tekið Spánarstríðið sem dæmi. Þá studdu auðvaldsríkin fasistana og sendu þeim vopn. Frakkar lokuðu landamærunum fyrir skæruliðum og Bretar gættu strandarinnar. Í Víetnam-stríðinu aftur á móti óx Þjóðfrelsishreyfingunni fylgi um allan heim á sama tíma og Bandaríkin einangruðust, enda urðu úrslitin þar þveröfug við Spán. Herstöðvaandstæðingar ætla sér ekki að gera uppreisn gegn hernum og láta Bandaríkin kæfa hana í blóði, með dyggum stuðningi vesturvelda. Þess vegna verðum við að kanna alþjóðaástandið og haga bardagaaðferð okkar í samræmi við það. Finna verður óvininn og einangra hann, vinna suma til hlutleysis svo þeir styðji hann ekki í árásum sínum og aðra til stuðnings gegn árásum hans. Það fer ekkert á milli mála að Bandaríkin eru óvinur. Önnur vestræn ríki hafa ýmissa hagsmuna að gæta sem rekast á stórveldishagsmuni Bandaríkjanna. Á þeim mótsetningum ber auðvitað að ala svo vesturlönd standi gegn yfirgangi USA Stuðnings er helst að vænta í ríkjum þriðja heimsins og við verðum einnig að styðja þjóðfrelsishreyfingar og sérhverja baráttu gegn hinum sameiginlega óvini.

Hvað þá með Sovétríkin? Í fjöldamörg ár hefur verið bent á að "Rússinn komi ef Kaninn fari". Það þýðir ekkert fyrir herstöðvaandstæðinga að svara því til, að Sovétríkin séu hættulaus eða jafnvel sósíalískt verkalýðsríki. Slíkt er bara til að ófrægja sósíalismann. Það er alkunn staðreynd að Sovétríkin hafa hvarvetna reynt að troða sér inn, þar sem Bandaríkin hafa hopað. Íslendingar hafa fundið smjörþefinn af framferði Sovétríkjanna í A-Evrópu, Afríku og víðar og kæra sig ekkert um að þau teygji krumlurnar upp á þetta sker einnig. Það er ekki til mikils að sparka einum óvini út um fordyrnar ef öðrum er hleypt inn um bakdyrnar á meðan. Árásar- og útþenslustefna Sovétríkjanna ásamt samkeppni þeirra við Bandaríkin, ógnar nú heimsfriðinum Hér verður sömu aðferð að beita og áður, að einangra óvininn. Leggjum okkar af mörkum til þess að hvorki Sovétríkin né Bandaríkin fái nokkurn stuðning í yfirgangi sínum.

SHA þurfa að svara þeirri spurningu hvað gerist ef herinn fer. Því verða herstöðvaandstæðingar að fordæma heimsvaldastefnu Sovétríkjanna um leið og þau berjast fyrir brottför hersins og úrsögn Íslands úr NATO. Í stefnuskrá SHA þarf að koma fram í hvaða samhengi þau líta á baráttu sína, hverja þau telja til óvina sinna og hverja til samherja og hvernig þau hyggjast haga baráttu sinni með hliðsjón af því. En markmið SHA er skýrt: ÍSLAND ÚR NATO - HERINN BURT. Sérhver aðgerð og sérhver röksemd verður að þjóna því markmiði.



Sovéskir hermenn í Prag 1968.



Bandarískur hermaður gefst upp fyrir þjóðfrelsishernum í Víetnam.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
33. tbl. Þriðjudagur 6. september. 1978

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Öðinsgötu 17?
101 R

Rauðsokkar og barnaárið

Í haust lifnar Rauðsokkahreyfingin við eftir sumarfríið sem flestir félagar hennar hafa tekið sér. Þá bætist þeim staðföstu sem hafa staðið í ýmsum framkvæmdum m.a. í húsnæðinu mikill styrkur af úthvíldu baráttufólki. Eitt fyrsta verkefnið verður að öllum líkindum þing. Því er tími til kominn að við sem störfum í hreyfingunni förum að huga að því hver eru mikilvægustu verkefni þessa þings. Eru það stefnuskrármál, skipulagsmál, starfið framundan, þjóðfélagsmálin almennt eða hvað? Allt þetta verður auðvitað að ræða, en mikilvægast held ég sé að hreyfingin taki sér ákveðin verkefni fyrir næsta ár eða svo. Hún hefur mótað sér stefnuskrá þar sem hún setur sér langtímaverkefni að skapa þjóðfélag þar sem jafnrétti ríkir. Þessi er lágmarksgrundvöllur hennar, og hann dugir við núverandi aðstæður. Það má segja það sama um hann og skipulag hreyfingarinnar, það þjónar henni. Það hefur sýnt sig sig í starfi Rauðsokkahreyfingarinnar, að ef hún beitir sér markvisst að ákveðnu verkefni þá er helst árangurs að vænta. Hreyfingin hefur aldrei getað þrifist sjálfrar sín vegna hún þarf að setja sér verkefni til að geta dafnað. Sem dæmi um velheppnuð verkefni má nefna baráttuna fyrir betri löggjöf um fóstureyðingar og kynfræðslu, verkakvennaráðstefnur og t.d. 8. mars. dagskrána í ár. Í öllum þessum tilfellum tóku félagar hreyfingarinnar höndum saman við öfl eða einstaklinga utan hennar með ákveðið sameiginlegt markmið í huga. Málefnið var efst á baugi og hreyfingin sjálf skipti minna máli og sérhagsmunir hennar ef einhverjir eru. Af slíku starfi hefur hreyfingin eflst og málflutningur hennar unnið á. Hver sigur sem við stefnum að er áfangi á lengri braut, nauðsynlegt skref í rétta átt. Næsta ár er barnaárið, 1979 þetta ár setur okkur gífurleg verkefni ekki síður en kvennaárið 1975. Því Rauðsokkahreyfingin á ekki að einangra sig við sérhagsmuni kvenna, hún á að leggja öllu lið sem getur stuðlað að jafnrétti og réttlæti. Ennfremur má minna á það að Rauðsokkahreyfingin var ekki hugsuð sem sem kvennahreyfing, heldur fjölskylduhreyfing öllu fremur. Það stóð aldrei til að einangra konur og vandamál þeirra. Barnaárið krefst mikils starfs Það þarf að gera rannsóknir á stöðu barna í íslensku þjóðfélagi, vinnu þeirra, menntun og aðbúnaði á flestum sviðum. Það má ekki ske að málinu verði annaðhvort ekki sinnt, eða þá að allt snúist uppí hneykslan á aðbúnaði barna víða erlendis og lof og prís um "velferðarþjóðfélagið" okkar. Rauðsokkahreyfingin er einmitt réttur aðili til að gera skurk í þessu máli, hún þarf að hafa frumkvæði og virkja alla þá sem málið er skylt, til þess að barnaárið verði raunverulega til góðs fyrir íslensk börn. Ég tel að þetta verði að ræða nánar í haust og að við verðum að setja okkur nákvæmari verkefnaskrá í sambandi við þetta mál sem fyrst. Undirbúningur fyrir hugsanlegar aðgerðir á árinu þarf að hefjast strax í haust. Það getur tekið einhvern tíma að fá aðila til samstarfs, aðrir eru etv. þegar byrjaðir að skipuleggja sig. Allt þetta þarf að athuga með það í huga að geta í fyrsta lagi dregið upp sem skýrasta mynd af kjörum barna hér og í öðru lagi að hefja baráttu fyrir úrbótum. Margt af því starfi sem Rauðsokkar hafa áður framkvæmt kemur okkur nú til góða s.s. starf að dagvistarmálum og að menntamálum. Annað hefur hlotið minni athygli en skyldi af okkar hálfu til dæmis barnavinna. Það er mál sem verkalýðshreyfingin verður að taka til alvarlegrar athugunar. Þetta eru aðeins dæmin sem koma fyrst upp í hugann, en fleira kemur til greina. Við þurfum líka að fara að leita samstarfs við þá aðila sem til greina geta komið, en við verðum að ræða það betur seinna.



Katyn fjöldamorðin

Frh. af forsíðu.

GLÆPURINN UPPGÖTVAST.

Þann 13. apríl 1943 heyrðist í útvarpi Berlín að þjóðverjar hefðu fundið fjöldagrafir þar sem lík þúsunda pólverja hefðu fundist. Héldu þjóðverjar því fram að rússar hefðu brytjað þá niður í febrúar og mars 1940. Sambandið á milli Rússa og pólsku útlagastjórnarinnar sem hafði aðsetur sitt í Lundúnum, hafði alla tíð verið stirt, en nú keyrði um þverbak.

Sú gagnrýni sem Sovétstjórnin hafði á útlagastjórnina var í flestum atríðum réttmæt þ.á.m. að hún væri alls ekki samnefnari fyrir pólverja sem berjast vildu gegn nazismanum Einnig hafði hún oft á tíðum tekið undir áróður nasista gagnvart Sovétstjórninni.

Þetta verður augljósara þegar á það er litið að stjórnin í London var að stórum hluta samansafn af keisarasinnum og aðalsmönnum sem bæði hötuðu og óttuðust Sovétríkin.

Í Sovétríkjunum var starfandi hreyfing sem hét "þjóðlega hreyfingin til frelsunar Póllands" og hafði hún m.a. skipulagt hersveitir til að berjast við hliðina á Sovétstjórninni. Þegar eftir að fyrrnefnd frétt hafði heyrst í útvarpi Berlínar tók "stjórnin" í London undir áróður nasista, Rússar urðu að vonum hamslausir

yfir því að bandamenn skyldu taka undir áróður nasista, og í framhaldi af því sleit Sovétstjórnin stjórnmálasambandinu við "útlagastjórnina" í London þann 25. apríl 1943. Athyglisvert er í þessu sambandi að geta þess að afstaða herra Romars ambassadors "útlaga" stjórnarinnar í London til stjórnarinnar í Moskvu var:

" Ég trú ekki á rússneskan glæp-aðeins hvers vegna gátu þeir ekki verið hreinskilnari við okkur" (bókin Russia at war bls. 587)(ath. mín varðandi hvað það var sem hann vildi að rússarnir hefðu verið hreinskilnari með, það var að rússar áttu að hafa haldið því fram að búið væri að flytja alla pólska stríðsfanga frá Smolensk í júní 1940!)

Hér á eftir skulum við hlýða á það sem bandarískur blaðamaður að nafni Richard Lauterbach hafði um málið að segja Hann dvaldi árin 1944-1945 í Sovétríkjunum á vegum stórblaðanna "Time" og "Life" :

"Rauði herinn tók Smolensk aftur 25. sept. 1943. Næstum því samstundis lét Sovjetstjórnin fara að grafast fyrir um Katynmálin. Við lögðum af stað til Smolensk 21. jan. til þess að sjá þetta með eigin augum. Áður en ég fór frá Moskvu, hafði ég tilhneigingu til að álíta, að Þjóðverjar væru að líkindum sekir. En ég hafði enga fullnaðarsönnun til þess að geta sannfært þá, sem voru á gagnstæðri skoðun. Það virtist ekki sennilegt, að fjöldamorð gætu leynst í næstum tvö ár - allan þann tíma. sem Þjóðverjar höfðu verið í Smolensk, áður en þeir kunngerðu "fund sinn". Það er ekki hægt að leyna drápi og greftrun tíu þúsund manna, jafnvel ekki á stríðstímum. Auk þess hafði ég lært töluvert um smekk nazista fyrir fjöldamorðum. Og andstætt sumum Pólverjum í Lundúnum, hafði ég enga ástæðu til að leggja trúnað á orð Herr Reichsministers Göbbels.

Það hófst eins og ævintýri - flokkur glaðlegra fréttaritara, líkastur því sem hann væri á leiðinni á skíðaviku eða í samsæti. Sérstök fjögra vagna járnbrautarlest fór frá Hvíta-Rússlands stöðinni í Moskvu kl. 4 e.h. dag nokkurn og var komin til Smolensk eftir 360 km. akstur í suðvestur kl. 10 næsta morgun. Fyrstu ferðaáætlanirnar höfðu verið þannig, að hver fréttaritari færi með bíl og hefði með sér fæði til þriggja daga. En á síðustu stundu ákváðu Sovjetvaldhafarnir að búa eina viðhafnarlest utanríkisráðuneytisins til fararinnar. Hún var með vel upphituðum, vel lýstum og flosi þöktum svefnvögnum og ljómandi borðvagni með blágrænum veggtjöldum. Ástæðan fyrir þessari viðhöfn var óvænt návist Kathleen Harriman, hinnar tuttugu og fimm ára dóttur ameríska sendiherrans." Við skulum taka eina tilvitnun enn til að ekkert fari á milli mála um það sem þarna kom fram

"Í nokkrar klukkustundir fóru fram vitnaleiðslur. Sjötugur bóndi, Parfon Kiselev að nafni, játaði, að hann hefði vitandi það, að hann færi með rangt mál, stutt sögu Þjóðverja um morð Pólverjanna, eftir að þeir höfðu barið hann og hótað að slíta úr honum æðarnar. Mathew Zakarev, fimmtugur, bæjarstjóri í Novoje Batekhi á hernámstímum Þjóðverja, sagði að hann hefði verið hýddur, þar sem hann sat á bekk, og ógnað með skammbyssu, þangað til hann undirritaði skjal á þýsku, sem hann skildi ekki. Skjalið skýrði frá því, að Rússar hefðu skotið Pólverjana árið 1940. Anna Alexejeva var tuttugu og átta ára, há, bláeygð, ljóshærð og með drengjakoll, óhreinar hendur, þykkar varir, hvít á hörund og vann á sveitasetrinu (datsja), þar sem Þjóðverjar höfðu aðsetur, í nánd við Katyn. Hún sagðist hafa séð vörubíla með pólskum föngum fara fram hjá húsinu í ágúst og september 1941. Skömmu eftir að vörubílarnir voru horfnir í skóginn, heyrðust alltaf skot með jöfnu millibili "eins og einhver væri að berja með hamri" - og hún bankaði nokkrum sinnum í borðið til skýringar. Þegar Þjóðverjarnir komu aftur, voru þeir með nýtt blóð í fötunum, og við slík tækifæri fengu þeir tvöfaldan skammt af líkjör og betri mat. Boris Basil-

framhald á síðu 2.



Hluti af kúlum þeim er fundist í líkum fórnarlambanna í Katyn skógi. Við rannsókn kom í ljós að allar kúlurnar voru framleiddar í Þýskalandi. Þetta ásamt fjölda annarra sönnunar gagna sannar sekt nasista.